



Suðurnes 2040

**Sviðsmyndir um mögulega þróun
atvinnulífs á Suðurnesjum árið 2040**

Maí 2018



kpmg.is



Íbúar á Suðurnesjum voru í byrjun árs 2018 tæplega 26 þúsund. Verða þeir orðnir 50 þúsund árið 2040?

Eru innviðir og samfélagið á Suðurnesjum búin undir umferð 88 milljón farþega um Keflavíkurflugvöll árið 2040?

Mun meirihluti íbúa á Suðurnesjum árið 2040 vera af erlendu bergi brotinn?

Verður eftirsóttasta skrifstofuhúsnæði landsins byggt í flugborginni (e. Aerotropolis) við Keflavíkurflugvöll?

Verða Suðurnesin miðstöð vöruflytninga á norðurslóðum árið 2040?

Samantekt

Atvinnulíf á Suðurnesjum hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Í kjölfar áfalla í tengslum við brotthvarf Bandaríkja-hers og alþjóðlegt efnahagshrun hefur orðið ótrúleg uppbygging í atvinnulífi á svæðinu.

Ljóst er að ferðapjónusta á svæðinu og starfsemi á Keflavíkurflugvelli mun hafa mikil áhrif á atvinnulíf á Suðurnesjum næstu ár og jafnvel áratugi.

Sú staða var ekki sjáanleg fyrir fáeinum árum síðan og getur vitaskuld breyst hratt. Ekki er langt síðan sjávarútvegur var aðal atvinnugrein svæðisins. Sú áhersla hefur að miklu leyti færst yfir á ferðapjónustu og þjónustu við flugstarfsemi. Þrátt fyrir það er sjávarútvegur ennþá sterk atvinnugrein á svæðinu, sérstaklega í Grindavík, Sandgerði og Garði.

Framtíðaruppbygging atvinnulífs á Suðurnesjum mun að öllum líkindum ráðast að miklu leyti af fjölda alþjóðlegra samgöngutenginga, ekki síst beinna flugtenginga. Einnig mun skipta máli hvort áhersla verði lögð á virðisaukandi framleiðslu og þjónustu eða á magn og fjölda.

Fjórar sviðsmyndir hafa verið mótaðar sem lýsa mögulegri stöðu í atvinnumálum Suðurnesja árið 2040.

Í sviðsmyndinni **Iðnaðarsvæðið** hefur dregið úr mikilvægi ferðapjónustu og áhersla hefur verið lögð á hverskonar iðnað, á stórum og smáum skala.

Í sviðsmyndinni **Flutningamiðstöðin** er lögð áhersla á magnflutninga á vörum og farþegum. Farþegum fjölga áfram og alþjóðleg vöruflutningamiðstöð hefur risið á svæðinu.

Í sviðsmyndinni **Rannsóknamiðstöðin** er lögð áhersla á nýsköpun og þróun. Þeir ferðamenn sem hingað koma eru helst erlendir skóla- og rannsóknahópar sem heimsækja sprotafyrirtæki og kynna sér stórbrotna náttúru landsins.

Sviðsmyndin **Flugborgin** segir frá gríðarlegum vexti í flugumferð um Keflavíkurflugvöll með tilheyrandi aukningu í ferðapjónustu. Flugvallatengd starfsemi í anda Aerotropolis hefur byggst upp í kringum flugvöllinn með sérhæfðum klösum á sviði þjónustu og afþreyingar.

Hvað er sviðsmynda- greining?

Sviðsmyndagreining er leið til þess að horfa inn í framtíðina og sjá hvernig hún getur þróast fyrir ákveðin fyrirtæki, atvinnugreinar, stofnanir eða félagasamtök. Henni er ætlað að skilgreina hvaða drifkraftar eru líklegir til að móta framtíðina og kanna hvaða áhrif þróun þeirra mun hafa á starfsumhverfi okkar.

Í stað þess að einblína á línulega þróun út frá sögulegum staðreyndum segir sviðsmyndagreining mismunandi sögur um líklegt eða mögulegt framtíðarstarfsumhverfi.

Sviðsmyndir eru aðferðafræði sem hjálpa okkur að viðurkenna eða ögra viðteknum ályktunum um framtíðina. Ferlið við að móta sviðsmyndirnar krefst greininga á lykilbreytum og drifkröftum sem eru stöðugt að breytast. Að lokum eru dregnar upp myndir eða sögur sem sýna breitt svið óvissu um framtíðina. Þessar sögur geta í framhaldinu nýst við að móta stefnu eða máta núverandi stefnu við sviðsmyndirnar auk ætlanagerðar og áhættugreiningar.

Sviðsmyndirnar lýsa mögulegri framtíð og nýtast einna best á óvissutímum til að gera sér grein fyrir að framtíðin getur þróast með ólíkum hætti.

Um verkefnið

Verkefnið sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á Suðurnesjum til ársins 2040 er unnið af KPMG fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar - Kadeco, Isavia og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum með stuðningi úr Sóknaráætlun Suðurnesja.

Tekin voru viðtöl við ýmsa fulltrúa sveitarfélaganna og aðila úr atvinnulífi Suðurnesja. Því til viðbótar var send út rafræn könnun til fjölmargra aðila sem tengjast atvinnulífi svæðisins. Haldnir voru vinnufundir til að greina drifkrafta atvinnulífs svæðisins og til að skapa grunn sviðsmyndanna. Þeir voru haldnir með breiðri þátttöku sveitarstjórnarmanna, fulltrúa fyrirtækja, háskóla og stofnana. Þar voru mótaðar sviðsmyndir sem lýsa mögulegri framtíðarþróun atvinnulífs á Suðurnesjum til ársins 2040.

Sökum mikilvægis flugtengdrar starfsemi í atvinnulífi á Suðurnesjum fær hún sérstakt vægi í þessari sviðsmyndagreiningu.

Úrvinnsla var í höndum ráðgjafa KPMG ásamt stýrihópi verkefnisins og eru niðurstöður þeirrar vinnu dregnar fram í eftirfarandi samantekt.

Stýrihóp skipuðu Berglind Kristinsdóttir frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Guðný María Jóhannsdóttir, frá Isavia og Sigurgestur Guðlaugsson frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar - Kadeco.



Efnisyfirlit

8 Staðan í atvinnulífi Suðurnesja

- 9 Suðurnes – drifkraftur uppbyggingar
 - 10 Íbúabróun á Suðurnesjum
 - 12 Mikill vöxtur í fjölda gistinguáttá á Suðurnesjum
 - 13 Ótrúlegur viðsnúningur í atvinnumálum
 - 16 Sterkur staðbundinn sjávarútvegur
 - 17 Umsvif flugfélaga í farþega- og vöruflutningum
 - 19 Jarðvarmi og náttúrugæði
-

20 Stefnur og straumar í flugsamgöngum

- 21 Hagfræðileg miðja heimsins færir í austur
 - 23 Efnahagslegt mikilægi flugvalla
 - 25 Aerropolis – samspil borga, flugvalla og viðskipta
 - 27 Aukin samkeppni í tengiflugi og millilendingum
 - 29 Horft til framtíðar í flugrekstri
-

30 Drifkraftar og óvissuþættir

- 31 Tveir megin drifkraftar
-

32 Sviðsmyndir 2040

- 33 Fjórar sviðsmyndir
- 34 Iðnaðarsvæðið
- 36 Flutningamiðstöðin
- 38 Rannsóknamiðstöðin
- 40 Flugborgin
- 42 Samanburður sviðsmyndanna
- 43 Næstu skref og nýting sviðsmynda





Fyrri sviðsmyndir af Suðurnesjum

Það er eðli sviðsmynda að vera stílfærðar og jafnvel ýktar myndir af hugsanlegri þróun. Það hjálpar til við að draga fram aðalatriðin og hvetja til umræðu um grundvallaratriði og langtímasjónarmið frekar en dægurmál og skammtímahagsmuni.

Þetta er í þriðja skipti sem mótaðar hafa verið heildstæðar sviðsmyndir um atvinnulíf á Suðurnesjum enda hefur oft verið gífurleg óvissa í atvinnumálum svæðisins. Í fyrri sviðsmyndum hefur margt af því sem í upphafi var talið ólíklegt einmitt komið á daginn. Efnahagshrunið var skrifað inn í sviðsmyndir árið 2007 og

mikil fjölgun innflytjenda var komin á blað í sviðsmyndum árið 2010. Hvort tveggja rættist.

Þetta sýnir vel hversu öflugt tæki sviðsmyndir geta verið til að átta sig á mögulegri framtíð, þótt stundum geti verið erfitt að trúa því að sú þróun sem þær lýsa geti raungerst.

Reykjanes 2020

Mótaðar 2007, kynntar í maí 2008

Í fyrsta sviðsmyndaverkefni Suðurnesja sem Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar stóð fyrir var sjónum beint að hugsanlegri þróun í efnahagsmálum og ferðamálum fram til ársins 2020. Verkefninu var ætlað að draga fram mögulegar sviðsmyndir af framtíð flugvallarsvæðisins og nærsamfélagsins árið 2020.

Tvær sviðsmyndanna fjölluðu um hugsanlegan samdrátt í efnahagslífinu og reyndust að mörgu leyti hitta naglann á höfuðið. Verulegur efnahagssamdráttur átti sér stað beint í kjölfarið og alþjóðlegt efnahagshrun skall á.

Reykjanes 2030

Mótaðar vorið 2010

Sviðsmyndir fyrir Reykjanes 2030 voru annað sviðsmyndaverkefnið. Mótaðar voru fjórar sviðsmyndir þar sem annars vegar var horft til mismunandi forsenda fyrir atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi með mismunandi vægi frumgreina, framleiðslugreina og þjónustu. Hins vegar út frá því hvort samskipti innan svæðisins og við stjórnvöld og aðra landshluta einkenndust fremur af samkeppni eða samvinnu.

Í þessum sviðsmyndum var m.a. lýst mikilli fjölgun innflytjenda en síðan hefur komið á daginn að hvergi á landinu hefur erlendum íbúum fjölgað meira en á Suðurnesjum. Erlendir starfsmenn hafa að mörgu leyti staðið undir þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á flugvallarsvæðinu undanfarin ár.



Staðan í
atvinnulífi
Suðurnesja

Suðurnes - drifkraftur uppbyggingar

Atvinnulíf á svæðinu byggir einkum á ferðaþjónustu og flugtengdri starfsemi, sjávarútvegi, byggingariðnaði og ýmiss konar þjónustu en áhersla á þessar atvinnugreinar er mismunandi eftir sveitarfélögunum. Suðurnesin eru rík af auðlindum. Þaðan er stutt á fengsæl fiskimið, mikill jarðhiti og tengipunktur í samgöngum Íslands við umheiminn á Keflavíkurflugvelli.

Frá upphafi hefur byggð á Suðurnesjum þróast meðfram sjávarsíðunni. Bændur, svokallaðir útvegsbændur, stunduðu fjárbúskap samhliða útveginum. Í um þúsund ár einkenndist byggð á Suðurnesjum af seljabúskap yfir sumartímann og vermennsku yfir veturinn. Hvergi voru fleiri verstöðvar við ströndina en á Suðurnesjum.

Upp úr 1940 tók íslenskt atvinnulíf stakkaskiptum. Tilkoma hersins breytti byggðamynstri og atvinnuháttum á Suðurnesjum til frambúðar. Þéttbýliskjarnar fóru að myndast og herinn þurfti á vinnuafli að halda. Það er ein af ástæðum þess að íbúafjöldi á Suðurnesjum óx hratt á fáum áratugum.

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli var stór atvinnurekandi og ýmis þjónusta blómstraði í nábýli við herinn. Herinn hvarf af landi brott árið 2006 en síðan þá hefur mikill vöxtur verið í ferðaþjónustu og þá sérstaklega í tengslum við Keflavíkurflugvöll.

Fjölmargar hafnir eru á Suðurnesjum sem þjóna fiskiskipum og ýmiss konar flutningum. Stærsta hafnar-

svæðið er við Helguvíkurhöfn en hún er skipulögð til framtíðar með sjóflutninga í huga, hvort sem er í tengslum við stóriðju eða aðra stórflutninga. Nálægð hafnarinnar við Keflavíkurflugvöll skapar einnig mörg tækifæri í flutningum.

Sjávarútvegur er einn lykilatvinnuvega á Suðurnesjum og eru öflugar útgerðir og starfsemi tengd útvegi í Grindavík, Sandgerði og Garði, þrátt fyrir að vægi sjávarútvegs hafi minnkað hlutfallslega í Reykjanesbæ. Jarðhitinn á Reykjanesi er beislaður m.a. til húshitunar og raforkuframleiðslu. Einnig leikur jarðhiti lykilhutverk í ferðaþjónustu s.s. í Bláa lóninu við Svartsengi. Einnig hefur átt sér stað mikil uppbygging hjá framleiðslufyrirtækjum í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Ferða- og flugþjónusta er í dag orðin lykilatvinnugrein á Suðurnesjum með auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli og fjölgun ferðamanna sem sækja Ísland heim. Blikur eru á lofti í þeirri atvinnugrein en flestar spár gera ennþá ráð fyrir áframhaldandi vexti þó draga mun úr honum.

Íbúapróun á Suðurnesjum

Fjöldi íbúa og skipting milli sveitarfélaga

Alls bjuggu tæplega 26 þúsund íbúar á Suðurnesjum í byrjun ársins 2018. Hvergi annars staðar á landinu hefur orðið viðlíka hlutfallsleg fjölgun íbúa frá aldamótum.

Alls fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um tæplega 10 þúsund íbúa eða um 60% milli árunna 2000 og 2018. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum almennt um tæp 25%. Fjölgunin hefur sett svip sinn á samfélagið, ekki síst í Reykjanesbæ þar sem heilt íbúðahverfi bættist við sveitarfélagið þegar íslenska ríkið fékk það svæði sem í dag heitir Ásbrú afhent frá bandarískum stjórnvöldum.

Fjölgun íbúa á síðustu árum hefur einkum verið drifin áfram af nokkrum ástæðum. Hækkandi húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur aukið ásókn í hlutfallslega ódýrara húsnæði á Suðurnesjum, en nálægð við einn stærsta vinnustað landsins, Keflavíkurlugvöll, hefur ekki síður dregið fólk víða að. Alls er gert ráð fyrir að um 8.650 bein störf verði unnin á Keflavíkurlugvelli sumarið 2018.

MANNFJÖLDI Á SUÐURNESJUM

Eftir sveitarfélögum í janúar ár hvert 2007 - 2018

	2007	2011	2015	2018
REYKJANESBÆR	11.952	13.971	14.924	17.805
GRINDAVÍKURBÆR	2.701	2.821	2.995	3.323
SANDGERÐI	1.660	1.683	1.580	1.779
SVEITARFÉLAGIÐ GARÐUR	1.487	1.452	1.425	1.595
SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR	1.112	1.161	1.102	1.268
SAMTALS	18.912	21.088	22.026	25.770

Fjölmenningsamfélag á Suðurnesjum


Sókn sem byggir á innfluttu vinnuafli.

Fjöldi erlendra ríkisborgara á meðal íbúa Suðurnesja hefur aukist hratt á undanförunum árum. Alls bjuggu 3.650 erlendir ríkisborgarar í Reykjanesbæ í byrjun árs 2018 svo dæmi sé tekið og 96% þeirrar fjölgunar sem varð á milli árána 2017-2018 var vegna flutnings erlendra ríkisborgara í sveitarfélagið. Spár gera ráð fyrir því að hlutfall erlendra ríkisborgara muni hækka hratt í nánustu framtíð.

Alls eru íbúar á Suðurnesjum af 78 þjóðernum en þar af eru Pólverjar langfjölmennastir. Samtals bjuggu 2.484 Pólverjar á svæðinu 1. janúar 2017.

Stórir atvinnurekendur á Keflavíkurlugvelli hafa sagt frá því að sú uppbygging sem framundan er í starfsemi þeirra muni byggjast að mestu á innfluttu vinnuafli. Svo dæmi sé tekið voru erlendir ríkisborgarar í Reykjanesbæ um 22% íbúa í lok árs 2017 og er ljóst að sú tala mun hækka á næstu árum.

MANNFJÖLDI Á SUÐURNESJUM 2000 - 2018



Mikill vöxtur í fjölda gistinguáttanna á Suðurnesjum

Heldur hefur dregið úr fjölgun hótulgistinguáttanna á árinu 2017 þegar horft er á landið í heild, en fjölgunin hefur verið afar breytileg eftir landsvæðum. Þannig var langmest aukning á Suðurnesjum eða 52,2% en á Suðurlandi var næstmest fjölgun, 21,2%.

Aukning á höfuðborgarsvæðinu var töluvert minni en á landinu í heild en þar jókst fjöldi gistinguáttanna um 5,5%. Af því má ráða að hlutféild höfuðborgarsvæðisins hafi gefið eftir á síðustu árum. Um 62,6% gistinguáttanna á öllu landinu voru á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári sem er lægsta hlutféll sem mælst hefur.

Þessi mikla aukning í fjölda gistinguáttanna á Suðurnesjum er merki um mikinn vöxt í ferðaþjónustu á svæðinu. Í þessu samhengi er vert að nefna að árið 2018 verða komin tvö hótél á Suðurnesjum sem bjóða upp á 5 stjörnu gistingu.



Ótrúlegur viðsnúningur í atvinnumálum

Stífur mótvindur

Tvö stór áföll urðu í atvinnulífi Suðurnesja með stuttu millibili í upphafi 21. aldarinnar. Bandaríkjaher kvaddi Miðnesheiði nánast fyrirvaralaust haustið 2016 eftir rúmlega 60 ára veru. Með hernum hurfu um 600 fjölbreytt störf. Þekkt var meðal Suðurnesjamanna að störfunum sem unnin voru fyrir herinn fylgdu góð laun og margir starfsmenn voru sérhæfðir í vinnu fyrir herinn. Tveimur árum síðar dynur á alþjóðlegt efnahagshrun með miklu atvinnuleysi um allt land.

Fljótt á litið virðist brotthvarf hersins ekki hafa haft mikil áhrif því atvinnuleysi á Suðurnesjum jókst aðeins um 0,2% á svæðinu milli árána 2006 og 2007. Þó verður að hafa í huga að á sama tíma er mikill uppgangur í samfélaginu öllu og ljóst að Suðurnesjamenn hafa leitað í atvinnu annars staðar. Einnig er ljóst að sérhæft starfsfólk sem áður vann fyrir Bandaríkjaher neyddist til að sækja í lægra launaða atvinnu þar

sem sérhæfingin nýttist illa. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu lækkaði á þessum tíma úr 1,2% í 0,8% og á landsbyggðinni úr 1,5% í 1,3%. Atvinnulíf á Suðurnesjum var því verr í stakk búið til að takast á við áföllin sem áttu eftir að koma.

Keilir var stofnaður árið 2007 á Ásbrú og margir Suðurnesjamenn nýttu sér það tækifæri til að sækja sér frekari menntun. Keilir er í dag alhliða menntafyrirtæki sem býður upp á nám á fjórum sérhæfðum megin sviðum: Háskólabrú, Flugakademíu, Íþróttakademíu og tæknifræði.

Ofan á áföll í efnahagslífi þjóðarinnar varð talsverður samdráttur í fjölda farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll. Alls fækkaði þessum farþegum um tæp 25% á árunum 2007-2009. Þá fækkaði ferðamönnum sem heim sóttu Ísland nokkuð eftir mikla fjölgun næstu fimm árin á undan.

Fordæmalaus uppbygging

Atvinnuleysi var mikið næstu árin á eftir en árið 2012 rofar til í atvinnumálum á Suðurnesjum. Hratt dregur úr atvinnuleysi upp frá þeim tíma sem helst í hendur við mikinn uppgang í ferðaþjónustu og hraða fjölgun ferðamanna.

Á árunum 2010 til 2017 rúmlega fjórfaldast fjöldi farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll en árið 2017 var slegið met þegar tæplega 8,8 milljón manns fóru um völlinn. Samkvæmt talningu Ferðamálastofu komu rúmlega 2,2 milljónir gesta til Íslands 2017 og því ljóst að umsvifin hafa aukist umtalsvert.

Isavia gerir ráð fyrir að árið 2018 fari um 10,4 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll. Það er um 18% aukning frá fyrra ári.

Ferðapjónusta dregur vagninn

Ef skoðaðar eru tölur um atvinnuleysi og fjölda farþega sem eiga leið um Keflavíkurflugvöll má sjá að um leið og farþegum tók að fjölga verulega dró hratt úr atvinnuleysi á Suðurnesjum. Atvinnuleysi stóð hæst í kringum 12% skömmu eftir efnahagshrun og hélst yfir 10% til ársins 2012 en þá tók að draga úr því ár frá ári.

Samkvæmt niðurstöðum úr atvinnumálakönnun frá október 2017 starfar langstærsti hluti íbúa á Suðurnesjum (24%) við ferðapjónustu, samgöngur og flutninga. Fræðsla, þjálfun og önnur menningarstarfsemi kemur næst á eftir með um 10%. Þessar tölur ríma við mikinn vöxt ferðapjónustunnar á undanförunum árum og margföldum umsvifum í þjónustu á Keflavíkurflugvelli.

Einnig er ljóst að stór hluti íbúa hefur atvinnu af þjónustu og sölu á varningi í tengslum við starfsemi á og við Keflavíkurflugvöll.


ATVINNUGREINAR Á SUÐURNESJUM

Hlutfall íbúa

FERÐAÞJÓNUSTA, SAMGÖNGUR OG FLUTNINGAR	24%
FRÆÐSLA, ÞJÁLFUN OG MENNINGARSTARFSEMI	10%
BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ	8%
HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSPJÓNUSTA	8%
FISKVEIÐAR OG LANDBÚNAÐUR	8%
VERSLUN OG HEILDVERSLUN	6%
OPINBER STJÓRNSÝSLA	4%
MATVÆLA- OG DRYKKJARVÖRUIÐNAÐUR	3%
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA OG TRYGGINGAR	3%
ANNAR IÐNAÐUR	6%
ÖNNUR ÞJÓNUSTA VIÐ EINSTAKLINGA	5%
ÖNNUR ÞJÓNUSTA VIÐ FYRIRTÆKI	2%
ANNAR	11%

FJÖLDI FARÞEGA UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL OG ATVINNULEYSI Á SUÐURNESJUM

2005 - 2017



DÆMI UM BÚSETUGREININGU STARFSMANNA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

EFTIR BÚSETU 2017



Eitt atvinnusvæði

Segja má að Suðurnesin séu eitt atvinnusvæði því um 80% íbúa á svæðinu sækja atvinnu innan þess. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið gerir það að verkum að íbúar Suðurnesja eiga tiltölulega auðvelt með að sækja vinnu þangað. Alls sóttu 14% íbúa Suðurnesja vinnu á höfuðborgarsvæðinu skv. könnun MMR fyrir Reykjanesbæ frá október 2017.

Það tekur að jafnaði um 30-60 mínútur (eftir staðsetningu) að aka frá Suðurnesjum til miðbæjar Reykjavíkur en getur sveiflast mikið eftir færð og umferð.


Það skiptir því miklu máli fyrir afkomu Suðurnesja komi til efnahagslegra áfalla, hvernig höfuðborgarsvæðinu reiðir af. Suðurnesin eru að miklu leyti þjónustusamfélag, á meðan framleiðsla er hlutfallslega mun stærri þáttur í öðrum landshlutum.

Sameining og samstarf sveitarfélaga

Í könnun sem gerð var meðal sveitarstjórnarmanna og lykilaðila í atvinnulífi Suðurnesja töldu nánast allir (98%) að sveitarfélögum yrði fækkað frá því sem nú er. Þegar könnunin var gerð hafði ekki farið fram kosning um sameiningu Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Í millitíðinni var sameiningin samþykkt í íbúakosningu og því ljóst að þróunin er þegar hafin í þá átt sem flestir þátttakendur telja.

Stærstur hluti svarenda (39%) telur að árið 2040 verði aðeins eitt sveitarfélag á svæðinu.

HLUTFALL ÍBÚA Á SUÐURNESJUM EFTIR VINNUSVÆÐI 2017



HVAÐ VERÐA MÖRG SVEITARFÉLÖG Á SUÐURNESJUM 2040?

SPURNING MEÐAL SVEITARSTJÓRNARMANNA OG LYKILAÐILA Í ATVINNULÍFI SUÐURNESJA



Sterkur staðbundinn sjávarútvegur

Sjávarútvegur hefur í gegnum aldirnar verið hryggjarstykkið í atvinnumálum á Suðurnesjum. Útvegsbændur stunduðu útgerð fyrir á öldum og fram á þennan dag hefur sjávarútvegur þróast og þroskast á svæðinu.

Grindavík er einn öflugasti útgerðar-bær landsins þar sem tvær af stærstu útgerðum landsins, Þorbjörn og Vísir eru staðsettar ásamt ýmsum smærri útgerðum. Einnig er stunduð kröftug útgerð frá Sandgerði og fiskvinnsla í Garði.

Á undanförunum 20 árum hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um 45% á landsvísu. Stærri og fullkomnari skip þurfa færri mannshendur til að koma afla að landi og einnig hefur nýsköpun og ný tækni í fiskvinnslu gert það að verkum að færri starfsmenn þurfa að vinna í greininni. Aftur á móti hefur útflutningsverðmæti sjávarútvegs aukist umtalsvert og mikil nýsköpun og vöruþróun hefur átt sér stað í fullnýtingu sjávarafurða.

Þá er Fisktækniskóli Suðurnesja starfræktur í Grindavík en hlutverk hans er m.a. að auka kennslu í veiðafæra-gerð (netagerð) og að bjóða ungu fólki nám á framhaldsskólastig á sviði veiða, vinnslu og fiskeldis.



Collagen drykkurinn Alda er dæmi um nýsköpun í sjávarútvegi en hann hefur verið skapaður í samstarfi Vísis hf. í Grindavík og Codland.

Umsvif flugfélaga í farþega- og vöruflutningum

Alls fóru 8,8 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll á árinu 2017 en þeim hafði þá fjölgað um rétt tæpar 2 milljónir milli ára eða um tæp 30%. Íslensku flugfélögin tvö, Icelandair og WOW air eru með yfirburða stöðu þegar kemur að fjölda farþega.

Þessi tvö flugfélög voru samanlagt með rúmlega 80% markaðshlutdeild í Evrópuflugi og um 90% í Bandaríkjaflugi þegar litið er til sætaframboðs frá febrúar til október 2017. Félögin eru orðin kerfislega mikilvæg og samdráttur í rekstri þeirra getur haft umtalsverð og keðjuverkandi áhrif á allt hagkerfið.

Frá stofnun WOW air árið 2012 hefur Icelandair að jafnaði flutt fleiri farþega í hverjum mánuði. Aftur á móti gerðist það í febrúar 2018 að WOW air flutti alls 199 þúsund farþega eða um 8 þúsund fleiri en Icelandair sem flutti 191 þúsund farþega. Bæði


flugfélög munu á næstu mánuðum taka í notkun fjölda nýrra flugvéla og því ljóst að ekkert lát er á samkeppni þeirra á milli. Þessar nýju flugvélar gera það einnig að verkum að félögin geta horft út fyrir hefðbundin markaðssvæði til fjarlægari staða og þannig útvíkkað leiðakerfi sín.

Töluvert dró úr flutningi á vörum og pósti eftir efnahagshrun en árið 2017 er fyrsta árið frá þeim tíma þar sem þessir flutningar eru meiri í tonnum talið en árið 2008. Alls voru flutt rúmlega 56 þúsund tonn árið 2017 sem var um 13% vöxtur frá fyrra ári.

HLUTDEILD WOW AIR OG ICELANDAIR Í FLUGI TIL OG FRÁ KEFLAVÍKURFLUGVELLI FEBRÚAR TIL OKTÓBER 2017



VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR MILLI LANDA UM ÍSLENSKA FLUGVELLI Í TONNUM 2008 - 2017





Jarðvarmi og náttúrugæði

Orkuvinnsla og nýting auðlinda

Suðurnesjamenn hafa lengi verið í fararbroddi þegar kemur að nýtingu jarðhita og þeirra orkustrauma sem honum fylgja. Hitaveita Suðurnesja var stofnuð árið 1974 utan um nýtingu jarðhita á svæðinu. Helsta verkefni hitaveitunnar í upphafi var smíði orkuvers við Svartsengi. Síðan þá hefur orkuverunum fjölgað og mikil þróun átt sér stað í starfsemi hita- og vatnsveitunnar.

Fyrirtækinu var síðar skipt upp og í dag eru starfandi tvö öflug fyrirtæki, HS Orka og HS Veitur. Þekktasta fyrirtækið sem nýtir sér jarðhita á Reykjanesi er líklega Bláa lónið sem varð til sem affall jarðhitavirkjunar í Svartsengi. „Affallið“ skilar nú meiri tekjum en virkjunin og er talið af National Geographic sem eitt af undrum veraldar. Flestir ferðamenn sem koma til Íslands heimsækja lónið sem notið hefur sívaxandi vinsælda.

Reykjanes Geopark

Reykjaneskaginn er í dag skilgreindur sem „geopark“ sem þýðir að svæðið er hluti af verndaráætlun Unesco, Unesco Global Geopark. Reykjanes Geopark fékk formlega vottun sem geopark á þrettánda haust ráðstefnu European Geoparks Network í Rokua Geopark í Finnlandi í september 2015. Reykjanes Geopark er annað svæðið á Íslandi til að hljóta þessa vottun en Katla Geopark hlaut hana árið 2011. Reykjanes Geopark er jafnframt 66. svæðið í Evrópu sem hlýtur þessa vottun.



Það er mikil viðurkenning fyrir þetta einstaka svæði að fá þessa útnefningu og því fylgja mikil tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir á svæðinu að vekja athygli á þessari staðreynd.

Stefnur og straumar í flugsamgöngum


Hagfræðileg miðja heimsins færist í austur

Með breytingum í viðskiptaumhverfi heimsins og hröðum tækniframförum hefur alþjóðlegur flugmarkaður breyst mikið undanfarin ár. Innkoma lággjaldaflugfélaga hefur gjörbreytt stöðunni og aukin samkeppni í að bjóða ferðir yfir Atlantshafið hefur haft mikil áhrif á viðskiptamódel flugfélaga víða um heim. Þannig hafa íslensk flugfélög til að mynda horft í auknum mæli til fjarlægari slóða meðal annars í Asíu og víðar.

Við Kristsburð fyrir rúmlega 2000 árum síðan var þungamiðjan í efnahagslífi heimsins í Mið-Austurlöndum. Síðar, færðist hún með

iðnbyltingunni norður á bóginn til Evrópu, og um miðja síðustu öld þegar gríðarlegur uppgangur í Bandaríkjunum togaði miðjuna til sín má segja að Ísland hafi verið í efnahagslegum miðpunkti. Það er einmitt þá sem Ísland verður fyrst að tengipunkti í flugferðum milli Evrópu og Ameríku.

Með gríðarlegri fólksfjölgun og vaxandi efnahagslegu mikilvægi landa í Asíu hefur þungamiðjan aftur færst til austurs og spár gera ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram. Hvaða áhrif mun það hafa á Ísland sem tengipunkt þegar þunginn færist lengra í austur?



Aðferðin við að finna þungamiðju efnahagslífs heimsins er þannig að landsframleiðsla þjóða er vegin saman við landfræðilega miðju þeirra. Meðaltal þessara útreikninga sýnir okkur hver landfræðileg miðja efnahagslífsins er.



Efnahagslegt mikilægi flugvalla

Efnahagsleg áhrif flugvalla ná almennt séð langt út fyrir öryggis-
svæði og flugstöðvarbyggingar. Beinar flugtengingar skapa fyrir-
tækjum tækifæri til að koma vörum sínum á erlenda markaði og
starfsfólk á hægara um vik með að koma sér á milli landa í við-
skiptaerindum.

Hér á landi hefur einkum verið horft á
efnahagsáhrif þeirra ferðamanna sem
koma til landsins og dvelja í lengri
eða skemmri tíma. Aftur á móti er
hlutfall þeirra farþega sem fara um
Keflavíkurflugvöll án þess að stoppa
hér á landi mun hærra en þeirra
sem koma inn til landsins. Fjölbreytt
starfsemi hefur byggst upp í kringum
Keflavíkurflugvöll sem þjónustar þau
flugfélög sem hér eiga viðkomu.
Alls fljúga 12 flugfélög til Íslands
árið um kring en yfir sumartímann
fjölgar þeim umtalsvert og reiknað er
með að þau verði 28 sumarið 2018
og bjóði upp á flug til meira en 100
áfangastaða.

Ferskfiskútflutningur fer að mestu
leyti fram í lestum farþegaflugvéla og
afar mikilvægt er fyrir þá atvinnugrein
að hafa greiðan og skjótan aðgang að

erlendum mörkuðum. Þessi flutn-
ingur hefur m.a. aukist vegna nýrra
og stærri flugvéla og fjölgun áfanga-
staða sem flogið er til allt árið.

Áætlað er að 10% fjölgun flug-
tenginga leiði til 0,5% aukningar
landsframleiðslu viðkomandi lands.
Í skýrslu sem ACI Europe, samtök
yfir 500 evrópskra flugvalla, létu gera
kemur m.a. fram að 12,5 milljón störf
tengist starfsemi flugvalla í Evrópu
eða alls um 4% af hagkerfi álfunnar.

Til að viðhalda 3% árlegum hagvexti
næstu 20 árin þurfa útflutningstekjur
íslensku þjóðarinnar að aukast um
1.000 milljarða eða um 1 milljarð
króna í hverri viku. Það er því ljóst að
fjölgun beinna flugtenginga getur haft
mjög jákvæð áhrif í þá átt og stutt við
aukinn hagvöxt.

Aerotropolis í Frankfurt, Þýskalandi

The Squire er stærsta skrifstofubygging Þýskalands með um 140.000 fermetra rými og hýsir mörg framsækin alþjóðleg fyrirtæki.

The Squire var byggð ofan á lestarstöð með beina tengingu við þýsku hraðbrautirnar (Autobahn). Frá henni er innangengt í flugstöðvarbyggingu Frankfurt flugvallar. Talið er að skilvirkar og öruggar samgöngur munu skipta stórfyrirtæki sífellt meira máli. Mun eftirsóttasta skrifstofubygging Íslands verða opnuð á Suðurnesjum?

Aerotropolis í Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum

Árið 2000 fóru 10 milljónir farþega um Dubai flugvöll. Í dag eru þeir um 88 milljónir á ári.

Farþegaspá Isavia gerir ráð fyrir að rúmlega 10 milljónir farþega fari um Keflavíkurflugvöll árið 2018. Dubai flugvöllur er fyrst og fremst tengiflugvöllur milli heimsálfa en styður jafnframt við ört stækkandi borg í heimalandinu. Verða Suðurnesin orðin „Dubai norðursins“ innan 18 ára?



Heimild: dubaiairports.ae, Isavia.

Aukin samkeppni í tengiflugi og millilendingum

Aukin drægni flugvéla býður upp á mörg tækifæri fyrir íslensk flugfélög t.a.m. með útvíkkuðu leiðakerfi. En því fylgja líka ógnanir. Til að mynda er hægt að hugsa sér að aukin drægni flugvéla almennt séð muni draga úr þörf fyrir millilendingar á Keflavíkurflugvelli. Því til viðbótar kemur aukin samkeppni frá öðrum flugvöllum, t.a.m. frá Dublin á Írlandi.

Gríðarleg fjölgun farþega sem fara um Dublin flugvöll hefur gert það að verkum að ákveðið hefur verið að hefja lagningu annarrar flugbrautar norðan við núverandi flugvallarstæði. Forsvarsmenn flugvallarins gera ráð fyrir að þessi viðbót muni skila Írum rúmlega 2,2 milljörðum evra hærri landsframleiðslu fyrir árið 2043 og skapa á sama tíma yfir 31 þúsund störf. Þá er nýja flugbrautin talin geta stutt við útvíkkun starfsemi flugfélaga á markaði í Asíu, Afríku og Ameríku. Það mun auka beina samkeppni við Keflavíkurflugvöll.


Írar stefna einnig á að ná til sín umfram flugumferð sem annars færi um Heathrow flugvöll í London en áætlanir um stækkun þar hafa gengið hægt. Auk þess gæti Brexit sett strík í reikninginn hjá Bretum.

Ljóst er að Írar ætla sér stóra hluti í samkeppni um tengiflug og millilendingar. Mögulega verður Dublin flugvöllur stærsti keppinatur Keflavíkurflugvallar í flugi yfir hafið.

Aerotropolis í Memphis, Bandaríkjunum

Memphis Tennessee er ein af flutningahöfuðborgum Bandaríkjanna en þar er dreifimiðstöð FedEx flutningarísans.

Aðeins fóru um 6 milljónir farþega um alþjóðaflugvöllinn í Memphis árið 2017, þar af rúmar 2 milljónir í innanlandsflugi. Aftur á móti fóru þar á sama tíma um 4,4 milljón tonn af vörum og pósti eða tæplega 90 sinnum meira magn en fór í gegnum íslenska flugvelli. Getu Suðurnesin orðið vörudreifingarmiðstöð Norðurslóða?



Horft til framtíðar í flugrekstri

Aukin drægni og minni kostnaður

Stærstu flugvélaframleiðendur heims huga stöðugt að framtíðinni enda tekur ferlið frá því að ákvörðun er tekin um smíði nýrrar flugvélategundar og þar til hún kemst á markað afar langan tíma. Til að mynda var ákvörðun Boeing framleiðandans um smíði Boeing 787 formlega tilkynnt í janúar 2003 en fyrsta farþegaflugði með þeirri vél var farið í október 2011, átta árum síðar.

Airbus flugvélaframleiðandinn tilkynnti í nóvember 2017 að fyrirtækið ynni nú að þróun hybrid-tækni í samstarfi við Rolls Royce og Siemens. Samstarfinu er ætlað að ýta undir þá þróun sem Airbus horfir á í tengslum við rafvæðingu flugvéla. Ljóst þykir að almennar farþegaflugvélar munu ekki nýta raforkuna eina saman til að fljúga á milli staða en vonir standa til að einhverskonar tvinn-útgáfa (e. hybrid) muni líta dagsins ljós árið 2020.

Þróun í drægni flugvéla hefur gert það að verkum að íslensk flugfélög hafa getað útvíkkað sitt leiðakerfi til fjarlægari staða. Nú er flogið beint til staða á borð við Tel Aviv, Los Angeles, San Francisco, Anchorage, Vancouver, Seattle og Portland en hugmyndir eru uppi um að bæta við ennþá fjarlægari áfangastöðum í Asíu og víðar. Þar er skemmst að minnast nýlegra yfirlýsinga Kínverja um mikinn áhuga á að koma á beinu flugi á milli landanna.


Horfur í flugi á alþjóðamörkuðum

Árið 2017 var afar gott fyrir flugfélög um allan heim. Í nýrri skýrslu KPMG, *Navigating the Cycle*, eru lágir vextir og lágt olíuverð tekin sem dæmi um þætti sem hafa hjálpað til við að mynda verulegan hagnað hjá flugfélögum, þriðja árið í röð.

Það hefur líka gert það að verkum að flugfélög um víða veröld hafa verið að útvíkka leiðarkerfin sín og endurnýja flugvélaflota eins og íslensku flugfélögin hafa gert og þannig sparað fjármuni til lengri tíma lítið.

Nú snýst spurningin að miklu leyti um hvort þessi þróun geti haldið áfram eða hvort fluggeirinn sjái fram á niðursveiflu á næstu misserum. Hingað til hefur sveiflan í fluggeiranum verið um 8-9 ár. Miðað við það hefði síðasti toppur átt að vera í kringum 2015 en ennþá virðist leiðin liggja upp á við. Hversu lengi mun sú þróun halda áfram?

Brexit mun hafa mikil áhrif á flugmarkað í Evrópu, ekki síst ef flugfélögum í Bretlandi verður sniðinn þrengri stakkur en annars staðar. Bretar eru mesta flugþjóð Evrópu og þar í landi eru fjórir af 25 fjölförnustu flugvöllum álfunnar. Það er því ljóst að mikið er undir í viðræðum Breta við Evrópusambandið og vissara fyrir Íslendinga að fylgjast vel með.



KPMG gefur reglulega út greiningaskýrslur tengdar flugrekstri sem hægt er að nálgast á vef félagsins, kpmg.com

Drifkraftar og Óvissupættir

Fjölmargir drifkraftar hafa áhrif á framtíðina. Þeir hreyfa við okkur og breyta starfsumhverfi okkar, stundum án þess að við áttum okkur á því. Í verkferlinu voru dregnir fram óvissupættir og drifkraftar sem munu hafa umtalsverð áhrif á þróun atvinnulífs á Suðurnesjum til framtíðar.

Nauðsynlegt er að horfa til þeirra drifkrafta sem mest óvissa ríkir um og líklegt er að hafi mikil áhrif og að þeir séu atvinnulífinu mikilvægir.

«	Umferð um Keflavíkurflugvöll	Samgöngur til og frá Suðurnesjum	Uppbygging aðstöðu á Keflavíkurflugvelli	»
«	Menntunarstig á svæðinu	Nýsköpun og sprotafyrirtæki	Þróun ferðaþjónustu	»
	Fjöldi íbúa	Viðhorf til Suðurnesja	Afhendingaröryggi raforku	
	Vöruflutningar	Umhverfismál	Afstaða stjórnvalda	
	Sameining sveitarfélaga	Fjöldi erlendra íbúa	Uppbygging stóriðju	

Tveir megin drifkraftar

Til að byggja sviðsmyndirnar voru valdir tveir megin drifkraftar. Annar þeirra fjallar um hvort **þróun atvinnustarfsemi** snúist um virðisaukandi framleiðslu og þjónustu eða hvort áhersla sé á magn og fjölda. Hinn drifkrafturinn snýr að **tengingum Suðurnesja við umheiminn og innanlands**. Er þar bæði átt við flugtengingar og aðrar mikilvægar tengingar.

Ljóst er að báðir þessir drifkraftar ásamt fjölmörgum öðrum munu hafa mikil áhrif á framtíð atvinnulífs á Suðurnesjum.

Þróun atvinnustarfsemi



Áhersla á virðisauka : Áhersla lögð á fullvinnslu hráefna s.s. með háþröðun afurðaverðs. Afurðir seldar á sem hæstu verði. Orkustraumar nýttir til fullvinnslu og mikil nýsköpun á sér stað á öllum sviðum atvinnulífsins.

Áhersla á magn : Vöxtur í stóriðju og stóriðnaði. Flugíð snýst um hraða, hröð afhending á ferskvöru og verðmætari vöru (pr. kg). Fiskeldi tekur fram úr hefðbundnum fiskveiðum sem þó verða áfram til staðar. Ferðaþjónusta snýst um magnflutninga á fólki milli staða.

Tengingar við umheiminn og innanlands



Fáar tengingar : Dregið verulega úr tengiflugi um Keflavíkurflugvöll. Flugtengingar aðeins á lykiláfangastaði. Flugsamgöngur óhagkvæmar og áhersla er lögð á rafrænar tengingar.

Margar tengingar : Keflavíkurflugvöllur orðinn vinsæll tengiflugvöllur milli Asíu og Evrópu/Ameríku. Öflugar samgöngur til og frá svæðinu mögulega með lest. Mikil umsvif og uppbygging í tengslum við flugvöllinn.

Sviðsmyndir 2040


Hér hafa verið mótaðar fjórar mögulegar sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á Suðurnesjum. Myndirnar eru ólíkar og lýsa mögulegri stöðu mála árið 2040 og hvernig sú staða gæti hafa raungerst. Sviðsmyndir nýtast best þegar veruleg óvissa ríkir um þróun helstu drifkrafta í starfsumhverfinu og fortíðin þarf ekki að endurspeglar hvernig framtíðin mun þróast.

Fjórar sviðsmyndir

Hver og ein sviðsmynd er möguleg birtingarmynd atvinnulífs á Suðurnesjum árið 2040

Sviðsmyndunum voru gefin lýsandi heiti eftir mismunandi starfsumhverfi; **lónaðarsvæðið**, **Flutningamiðstöðin**, **Rannsóknamiðstöðin** og **Flugborgin**. Sviðsmyndunum er ætlað að ögra núverandi viðhorfum okkar og leiða okkur í skilning um að framtíðin er óviss og getur þróast í allt aðra átt en við gefum okkur í dag.

Aftast í skjalinu er að finna samanburð á sviðsmyndunum sem geta hjálpað lesendum að átta sig á muninum á milli þeirra og hvaða einkenni þær hafa hver um sig.



Sviðsmynd árið 2040

Iðnaðarsvæðið

Sviðsmynd sem byggir á fáum tengingum við umheiminn og áherslu á magn í atvinnustarfsemi. Samdráttur í ferðaþjónustu. Áhersla á iðnað.

Einkenni atvinnulífsins

Ferðaþjónusta hefur dregist saman vegna fækkandi flugtenginga.

Fáir stórir og öflugir aðilar í atvinnulífinu og áhersla á að nýta náttúruauðlindir.

Hægir mikið á fólksfjölgun og erlendir starfsmenn flytja af landi brott.

Lítill fullvinnsla og hefðbundin iðnaðarstörf. Framleiðslugreinar blómstra.

Fáir stórir og öflugir vinnuveitendur ráðandi í atvinnulífinu. Stöðugur kaupmáttur.

Landeldi hefur aukist til muna og eru nú eldisstöðvar víða á Suðurnesjum.

Hvernig getur sviðsmyndin orðið að veruleika?

Fiskeldi á landi verður ein af lykilstöðum atvinnulífsins.

Uppbygging umhverfisvænnar stóriðju. Efnagarðar.

Viðhorfsbreyting gagnvart stórtækum lausnum í atvinnulífi.

Fækkun tengifluga til Keflavíkurflugvallar.

Íslenskt flugfélag flytur til Írlands.

Auknar kröfur frá Bandaríkjunum draga úr samkeppnishæfni.

Dæmi um lykilspurningar

Erum við búin undir mikinn samdrátt í ferðaþjónustu?

Er nægilegt framboð af iðnmenntuðu fólki til að bregðast við þróun í þessari sviðsmynd?

Hentar svæðisskipulag sveitarfélaga á Suðurnesjum þessari þróun?



Staðan árið 2040

Eftir mikinn uppgang flugstarfsemi framan af, dróst hún verulega saman þegar annað tveggja íslensku flugfélaganna flutti starfsemi sína til Dublin á Írlandi. Áform um mögulegan Hvassahraunsflugvöll drógu úr allri uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Verulega hefur dregið úr beinu flugi frá Íslandi.

Verulega hefur dregið úr fólksfjölgun og erlendir starfsmenn hafa margir flutt aftur heim. Eftir að atvinnuleysi jókst og krafa var uppi um fjölgun starfa hefur áherslan færst yfir á magnframleiðslu í iðnaðarstarfsemi og sjávarútvegi.

Orkuflutningur til og frá svæðinu hefur verið tryggður með Suðurnesjalínu II. Í kjölfar talsverðrar lækkunar á gengi krónunnar hefur íslenskur iðnaður blómstrað.


Stærsta verksmiðjan á svæðinu, Hlaðan ehf. framleiðir rafhlöður fyrir rafbílur á Miðnesheiði en alls starfa

2.500 manns hjá fyrirtækinu. Hlaðan ehf. þjónar aðallega stórum innanlandsmarkaði en hefur einnig hafið útflutning.

Djúpborun hefur tekist afar vel og þrátt fyrir stóráukna iðnaðarframleiðslu á Suðurnesjum er svæðið nettó útflytjandi á orku. Stórt gagnaver Seðlabanka Íslands notar mikla orku til að halda uppi útgáfu á íslensku rafkrónunni (RKR) og í að grafa eftir erlendum rafmyntum.

Sjávarútvegur blómstrar en mikið er flutt út af saltfiski og frosnum fiski með skipum.

ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA Á SUÐURNESJUM 2018 - 2040



ÁHRIFA-ÞÁTTUR	IÐNAÐARSVÆÐIÐ
VIÐHORF OG ÍMYND	Hlutlaust viðhorf. Stöðugleiki en lítil endurnýjun. Iðnaðarsamfélag.
UMHVERFISMÁL	Lítill vilji til umhverfisverndar.
MANNAUÐUR	Sérhæft starfsfólk. Færri tækifæri fyrir langskólamenntaða.
SVEITARFÉLÖG	Næg aðstaða. Tekjur sveitarfélaga dragast saman.
NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN	Nýsköpun byggir á leiðum til að auka framleiðslu.
KEFLAVÍKUR-FLUGVÖLLUR	Dregur úr flugtengdri starfsemi og fjölda skiptifarbega. Vannýtt fjárfesting. Hugað að öðrum staðsetningum.
FERÐA-ÞJÓNUSTA	Ferðaþjónusta hefur dregist saman vegna fækkandi flugtenginga.
NÝTING ORKU	Stór gagnaver nýta orku sem er til staðar. Orku-frek verkefni blómstra.
ALÞJÓÐA-VIÐSKIPTI	Alþjóðaviðskipti byggja á magnútflutningi, aðallega með skipum.
SJÁVAR-ÚTVEGUR	Áhersla á magn og lítil fullvinnsla.
SAMGÖNGUR TIL OG FRÁ SUÐURNESJUM	Óbreyttar frá 2018.
AÐKOMA STJÓRNVALDA	Stefnuleysi og auknar álögur á flug. Vilji til ívilnana í öðrum greinum en flugi.

Sviðsmynd árið 2040

Flutningamiðstöðin

Sviðsmynd sem byggir á mörgum tengingum við umheiminn og áherslu á magn í atvinnustarfsemi. Fraktflutningar blómstra og ferðamönnum frá Asíu fjölgar.

Einkenni atvinnulífsins

Mikil fólksfjöldun og fjöldun starfa í ýmsum greinum.

Góðar tengingar við umheiminn.

Fraktmiðstöð sem byggir m.a. á umskipun og land-fiskeldi. Öflug flutningafyrirtæki.

Atvinnulífið byggir á magni, hraða, skilvirkni og vélvæðingu. Hráefnavinnsla.

Sérhæfð störf sem krefjast tæknibekkingar. Þjónustustörf af ýmsu tagi. Færibandavinna.

Landeldi hefur tekið fram úr hefðbundnum sjávarútvegi og eldisfiskur hinn nýi „flugfiskur“.

Hvernig getur sviðsmyndin orðið að veruleika?

Upplifun ferðamanna versnar. Aukin þörf fyrir afþreyingu.

Beint flug til Asíu hafið.

Siglingaleiðin um Norðurskautið er opnuð.

Fraktmiðstöð opnuð við Keflavíkurflugvöll.

Uppskipunarhöfnin í Helguvík tekur fram úr Sundahöfn í umfangi.

Samið um “pre-clearance” í farþegaflutningum við Bandaríkin.

Dæmi um lykilspurningar

Hvernig er ferðaþjónustan á Suðurnesjum í stakk búin til að taka á móti þessum vexti?

Erum við að mennta ungt fólk til þess að takast á við þessar tæknibreytingar?

Eru innviðir á svæðinu tilbúnir til að takast á við aukna flutninga á fólki og vörum?

Er samfélagið búin undir mikla fólksfjöldun?



Staðan árið 2040

Áhersla á fjölda farþega í ferðapjónustu hefur orðið til þess að dagsferðum á Suðurnesjum hefur fjölgað mikið. Ferðamenn hópast á sýndarveruleikasýningar þar sem hægt er að skoða hvali, glóandi hraun og norðurljós. Skiptifarþegum hefur einnig fjölgað og mikil uppgrip eru í flutningi á vörum í gegnum Keflavíkurflugvöll.

Flutningur á ferskum fiski með flugi hefur stóraukist, ekki síst á nýjum fjarlægum mörkuðum í Asíu. Þá hafa fleiri íslenskir framleiðendur komist á bragðið en m.a. er miklu magni af íslensku grænmeti flogið á erlenda markaði þar sem eftirspurn hefur stóraukist eftir að miklir þurrkar hafa geisað.

Sérhæfðu erlendu starfsfólki sem vinnur við framleiðslu, þökkun og flutninga hefur fjölgað mikið. Vinnan snýst mikið um að hafa umsjón með vélrænu vinnuafli. Hraðflutningar um


allt land með Hyperloop hafa gert það að verkum að vörur alls staðar að af landinu komast samdægurs á markað erlendis.

Hafnir á Suðurnesjum taka við varningi frá Asíu sem siglt er með um Norðurskautið og skipað upp til flutnings með flugi.

Keflavíkurflugvöllur hefur stækkað mikið en bæði hefur flugbrautum verið fjölgað en einnig hafa stórar vörugeymslur verið byggðar upp.

ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA Á SUÐURNESJUM

2018 - 2040



ÁHRIFA-ÞÁTTUR	FLUTNINGAMIÐSTÖÐIN
VIÐHORF OG ÍMYND	Fjölmenningsarsamfélag. Vertíðarstemning og mikið fjármagn í umferð.
UMHVERFISMÁL	Ekki áhersla á umhverfismál.
MANNAUÐUR	Sérhæfð störf sem krefjast tækniþekkingar.
SVEITARFÉLÖG	Álag á skólakerfi vegna fjölda tungumála. Tekjur á mann haldast óbreyttar.
NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN	Nýsköpun eykst með fjölgun tenginga við umheiminn.
KEFLAVÍKUR-FLUGVÖLLUR	Fraktmiðstöð sem byggir m.a. á umskipun. Tengingum fjölgar. Flugbrautum hefur verið fjölgað og flugstöðin stækkuð.
FERÐA-ÞJÓNUSTA	Aukin þörf fyrir afþreyingu m.a. vegna versnandi upplifunar ferðamanna.
NÝTING ORKU	Frumvinnsla í stóriðju. Robotar nýta græna íslenska orku.
ALPJÓÐA-VIÐSKIPTI	Alþjóðaviðskipti hafa aukist með fjölgandi tengingum við umheiminn.
SJÁVAR-ÚTVEGUR	Fullvinnsla sjávarafurða eykst með fjölgun tenginga. Flugfiskur eflist.
SAMGÖNGUR TIL OG FRÁ SUÐURNESJUM	Hraðflutningar á vörum. Flugvöllur og Helguvíkurohöfn vinna saman.
AÐKOMA STJÓRNVALDA	Áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu innviða á og við flugvöllinn.

Sviðsmynd árið 2040

Rannsóknamiðstöðin

Sviðsmynd sem byggir á fáum tengingum við umheiminn og áherslu á virðisauka í atvinnustarfsemi. Minni áhersla á flugtengda starfsemi. Uppbygging í nýsköpun og þróun.

Einkenni atvinnulífsins

Atvinnulífið byggir á þekkingu. Sérhæfð störf laða að sér ungt menntað fólk.

Atvinnugreinar ótengdar flugstarfsemi í vexti.

Samfélagið er yngra og meira aðlaðandi í alþjóðlegum samanburði.

Prengri staða í flugi og flugtengdri starfsemi. Dregið hefur úr alþjóðlegum beinum tengingum.

Menntunarstig hefur aukist og störfin eru betur launuð. Frumkvöðlar með misgóð laun.

Sérþekking í mismunandi geirum orðin útflutningsvara í gegnum rannsókn- og þróunarsetur.

Hvernig getur sviðsmyndin orðið að veruleika?

Fækkun ferðamanna og skiptifarþega dregur úr umsvifum á Keflavíkurflugvelli.

Umhverfisvæn tilraunamiðstöð opnar á Miðnesheiði.

Keilir verður sjálfstæður háskóli.

Íslenskt flugfélag opnar útibú erlendis.

Nýsköpunarsjóður Suðurnesja fjármagnaður um 100 milljarða.

Dæmi um lykilspurningar

Eru sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu að stuðla að og styðja við nýsköpun og þróun?

Er verið að örva fólk til að sækja sér aukna menntun og fjölga tækifærum til þess?

Er verið að sækjast eftir hátækniyrirtækjum til að starfa á svæðinu?

Erum við tilbúin til að takast á við samdrátt í flugi?



Staðan árið 2040

Þegar draga tók úr vexti í ferðapjónustu og hættumerki fóru að birtast var ákveðið að stórauka uppbyggingu í öðrum geirum. Í kjölfar metnaðarfullrar stefnumótunar stjórnvalda og sveitarfélaganna urðu Suðurnesin öflugt rafrænt samfélag og atvinnulífið byggir nú á sjálfbærni, fullvinnslu, nýsköpun og hátækni. Auðlindagarðurinn hefur verið eflur til muna og þar eru nú starfandi 50 fyrirtæki með um 6.000 starfsmenn.

Keilir hefur útvíkkað starfsemi sína og er orðinn einn af framsæknustu háskólum landsins. Keilir fór í samstarf við öflugan alþjóðlegan háskóla sem leiddi til þessarar þróunar.

Nýsköpunarsjóður Suðurnesja hefur fjárfest í fjölda sprotafyrirtækja og rannsóknum á svæðinu og vísindamenn búsettir á svæðinu fá fræðigreinar sínar birtar í erlendum vísindatímaritum.

Ungt langskólagengið fólk laðast að svæðinu og þeim fjölda þróunar- og vísindastarfa sem eru í boði ásamt


fjölskylduvænu starfsumhverfi með alþjóðlega leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ferðapjónusta á svæðinu byggir á komu erlendra fræðimanna og heim sóknnum erlendra nemenda t.a.m. vegna líftækni, náttúru- og jarðsögu.

Samstarf einkaaðila og hins opinbera (PPP) hefur verið aukið og nú starfa einkareknar rannsókn- og þjónustumiðstöðvar af ýmsu tagi á svæðinu.

Hægfara fólksfækkun á sér stað þar sem talsvert hefur dregið úr mannafsfrekri starfsemi.

ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA Á SUÐURNESJUM 2018 - 2040



ÁHRIFA- ÞÁTTUR

RANNOKNAMIÐSTÖÐIN

Virðisauki og færri tengingar

VIÐHORF OG ÍMYND

Þekkingarsamfélag. Sérhæfð starfsemi sem byggir á „niche“.

UMHVERFISMÁL

Umhverfisvernd ríkjandi á svæðinu. Umhverfisráðgjöf söluvara.

MANNAUÐUR

Sérhæfð störf laða að sér ungt og menntað fólk. Rannsókn- og þróunarsetur.

SVEITARFÉLÖG

Álag á innviði og þörf fyrir stuðning og styrki frá opinberum aðilum.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN

Nýsköpun blómstrar. Svæðið er miðstöð nýsköpunar á sínum sérsviðum.

KEFLAVÍKUR- FLUGVÖLLUR

Þrengri staða í flugi og flugtengdri starfsemi. Dregið úr flugtengingum.

FERÐA- ÞJÓNUSTA

Þróuð ferðapjónusta sem byggir á upplifun og fræðslu.

NÝTING ORKU

Auðlindagarðurinn hefur verið eflur til muna. Fullvinnsla afurða og tækniþróun eykst.

ALPJÓÐA- VIÐSKIPTI

Útflutningur byggir á þekkingu, hugviti og nýtingu gagnagrunna.

SJÁVAR- ÚTVEGUR

Áhersla á að vinna afurðir með magnflutning í huga. Dregur úr flugfiski.

SAMGÖNGUR TIL OG FRÁ SUÐURNESJUM

Lítil uppbygging og staðan svipuð og 2018.

AÐKOMA STJÓRNVALDA

Stuðningur við háskólasamfélagið. Hvatar til nýsköpunar.

Sviðsmynd árið 2040

Flugborgin

Sviðsmynd sem byggir á mörgum tengingum við umheiminn og áherslu á virðisauka í atvinnustarfsemi. Gífurleg fjölgun tengifarþega og flugtengd starfsemi allsráðandi.

Einkenni atvinnulífsins

Fjölbreytt menning og fjölmening. Íslenskan á undanhaldi og fjöldi tungumála töluð á svæðinu.

Fullvinnsla sjávarafurða og vöruþróun einkennir sjávarútveginn.

Flugfrakt afgerandi, sérstaklega með dýrar vörur.

Stórfyrirtæki flytja höfuðstöðvar sínar á Suðurnes til að nýta öflugar tengingar við umheiminn.

Svæðið verður alþjóðlegur tengipunktur m.a. milli Evrópu/Ameríku og Asíu.

Vörumiðlunarhöfn á Suðurnesjum býður upp á aðstöðu fyrir alþjóðleg fyrirtæki.

Mikið innflutt vinnuafli til að mæta aukinni mannaflapörf.

Skortur á húsnæði.

Hvernig getur sviðsmyndin orðið að veruleika?

Erlent flugfélag færir starfstöðvar til Keflavíkurflugvallar. Opnað fyrir samstarf opinberra- og einkaaðila.

Suðurnes og Höfuðborgarsvæðið mynda samfellda byggð.

Erlendir íbúar fjölmennari en innfæddir Suðurnesjamenn.

Einkaaðilar koma í vaxandi mæli að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

Hraðlest hefur fólksflutninga milli Suðurnesja og Reykjavíkur.

Apple opnar þróunarmiðstöð. Google og Amazon fylgja í kjölfarið.

Dæmi um lykilspurningar

Eru skipulagsmál við Keflavíkurflugvöll hugsuð með uppbyggingu flugborga (e. Aerotropolis) í huga?

Eru innviðir á Keflavíkurflugvelli og á svæðinu til að mæta þessari uppbyggingu?

Eru sveitarfélög á Suðurnesjum tilbúin að verða fyrirmyndar fjölmennings-samfélag?



Staðan árið 2040

Erlend stórfyrirtæki hafa ákveðið að nýta framúrskarandi tengingar á lykilmarkaði í Evrópu, Ameríku og Asíu og opna þróunarsetur á Suðurnesjum. Mikill vöxtur í ferðapjónustu hefur orðið þess valdandi að fjöldi útlendinga hefur sest að á Íslandi. Suðurnesin eru aðlaðandi í alþjóðlegum samanburði.


Klasi tæknifyrirtækja hefur byggst upp í kringum flugvöllinn með gríðarlega góðum samgöngum. Hraðlest til Reykjavíkur og sjálfkeyrandi bílar þjónusta svæðið.

Starfsemi erlendra stórfyrirtækja á svæðinu hefur skapað grunn fyrir stóraukið framboð á þjónustu og afþreyingu sem aldrei hefur verið fjölbreyttara á Suðurnesjum.

Samfélagið á Suðurnesjum er afar alþjóðavætt enda 60% íbúa innflutt vinnuafl s.s. erlendir sérfræðingar. Íslensk fyrirtæki eru í stífri samkeppni við erlend fyrirtæki um vinnuafl.

Fjárfestingar erlendra stórfyrirtækja á svæðinu, hafa leitt til mikillar uppbyggingar í skrifstofu og atvinnuhúsnæði, en ekki síður í nýjum sérhæfðum íbúðahverfum þar sem sjálfbærni og mannlíf njóta sín í fallegu umhverfi.

ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA Á SUÐURNESJUM 2018 - 2040



Rætist þessi spá má gera ráð fyrir að hlutfall innflytjenda á meðal íbúa Suðurnesja muni vaxa hratt og að erlendir ríkisborgarar af fyrstu og annarri kynslóð verði rúmur helmingur íbúa árið 2040.

ÁHRIFA-ÞÁTTUR	FLUGBORGIN Virðisauki og fleiri tengingar
VIÐHORF OG ÍMYND	Alþjóðavætt samfélag. Svæðið er fyrirmynd annarra landshluta og mikill sóknarhugur ríkjandi.
UMHVERFISMÁL	Svæðið byggir á sjálfbærni og ábyrgri nýtingu auðlinda.
MANNAUÐUR	Aukinn fjöldi erlendra sérfræðinga og starfsmanna. Sérhæfð störf, líka ótengd flugi.
SVEITARFÉLÖG	Mikið álag á innviði sveitarfélaga vegna aukinna umsvifa. Háar tekjur.
NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN	Alþjóðleg fyrirtæki stunda nýsköpun á svæðinu. Innflutt nýsköpun.
KEFLAVÍKUR-FLUGVÖLLUR	Flugvöllur í sókn. Mikil uppbygging í flugtengdri starfsemi. Höfuðstöðvar fyrir alþjóðleg flugfélög. Erlendir fagfjárfestar leggja fé í völlinn.
FERÐA-ÞJÓNUSTA	Mikil sókn í ferðapjónustu og tengdri starfsemi. Öflug og fjölbreytt ferðaþjónusta á svæðinu.
NÝTING ORKU	Orka er nýtt til að fullvinnna ýmsar afurðir.
ALPJÓÐA-VIÐSKIPTI	Svæðið orðið alþjóðlegur tengipunktur m.a. milli Ameríku og Asíu.
SJÁVAR-ÚTVEGUR	Fullvinnsla sjávarafurða og vörubrún.
SAMGÖNGUR TIL OG FRÁ SUÐURNESJUM	Fluglest orðin að veruleika.
AÐKOMA STJÓRNVALDA	Stjórnvöld opna fyrir erlenda fjárfestingu í uppbyggingu flugvallarins.

Samanburður sviðsmyndanna

ÁHRIFA-ÞÁTTUR	ÍÐNADARSVÆÐIÐ Magn og færri tengingar	FLUTNINGAMIÐSTÖÐIN Magn og fleiri tengingar	RANNOKNAMIÐSTÖÐIN Virðisauki og færri tengingar	FLUGBORGIN Virðisauki og fleiri tengingar
VIÐHORF OG ÍMYND	Hlutlaust viðhorf. Stöðugleiki en lítil endurnýjun. Íðnaðarsamfélag.	Fjölmenningsamfélag. Vertíðarstemning og mikið fjármagn í umferð.	Þekkingarsamfélag. Sérhæfð starfsemi sem byggir á „niche“.	Alþjóðavætt samfélag. Svæðið er fyrirmynd annarra landshluta og mikill sóknarhugur ríkjandi.
UMHVERFISMÁL	Lítill vilji til umhverfisverndar.	Ekki áhersla á umhverfismál.	Umhverfisvernd ríkjandi á svæðinu. Umhverfisráðgjöf söluvara.	Svæðið byggir á sjálfbærni og ábyrgri nýtingu auðlinda.
MANNAUÐUR	Sérhæft starfsfólk. Færri tækifæri fyrir langskólamenntaða.	Sérhæfð störf sem krefjast tækniþekkingar.	Sérhæfð störf laða að sér ungt og menntað fólk. Rannsókn- og þróunarsetur.	Aukinn fjöldi erlendra sérfræðinga og starfsmanna. Sérhæfð störf, líka ótengd flugi.
SVEITARFÉLÖG	Næg aðstaða. Tekjur sveitarfélaga dragast saman.	Álag á skólakerfi vegna fjölda tungumála. Tekjur á mann haldast óbreyttar.	Álag á innviði og þörf fyrir stuðning og styrki frá opinberum aðilum.	Mikið álag á innviði sveitarfélaga vegna aukinna umsvifa. Háar tekjur.
NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN	Nýsköpun byggir á leiðum til að auka framleiðslu.	Nýsköpun eykst með fjölgun tenginga við umheiminn.	Nýsköpun blómstrar. Svæðið er miðstöð nýsköpunar á sínum sérsviðum.	Alþjóðleg fyrirtæki stunda nýsköpun á svæðinu. Innflutt nýsköpun.
KEFLAVÍKUR-FLUGVÖLLUR	Dregur úr flugtengdri starfsemi og fjölda skipti-farþega. Vannýtt fjárfesting. Hugað að öðrum staðsetningum.	Fraktmiðstöð sem byggir m.a. á umskiptun. Tengingum fjölga. Flugbrautum hefur verið fjölgað og flugstöðin stækkuð.	Þrengri staða í flugi og flugtengdri starfsemi. Dregið úr flugtengingum.	Flugvöllur í sókn. Mikil uppbygging í flugtengdri starfsemi. Höfuðstöðvar fyrir alþjóðleg flugfélög. Erlendir fagfjárfestar leggja fé í völlinn.
FERÐA-ÞJÓNUSTA	Ferðaþjónusta hefur dregist saman vegna fækkandi flugtenginga.	Aukin þörf fyrir afþreyingu m.a. vegna versnandi upplifunar ferðamanna.	Þróuð ferðaþjónusta sem byggir á upplifun og fræðslu.	Mikil sókn í ferðaþjónustu og tengdri starfsemi. Óflug og fjölbreytt ferðaþjónusta á svæðinu.
NÝTING ORKU	Stór gagnaver nýta orku sem er til staðar. Orkufræk verkefni blómstra.	Frumvinnsla í stóriðju. Robotar nýta græna íslenska orku.	Auðlindagarðurinn hefur verið eflur til muna. Fullvinnsla afurða og tækniþróun eykst.	Orka er nýtt til að fullvinna ýmsar afurðir.
ALÞJÓÐA-VIÐSKIPTI	Alþjóðaviðskipti byggja á magnútlutningi, aðallega með skipum.	Alþjóðaviðskipti hafa aukist með fjölgandi tengingum við umheiminn.	Útflutningur byggir á þekkingu, hugviti og nýtingu gagnagrunna.	Svæðið orðið alþjóðlegur tengipunktur m.a. milli Ameríku og Asíu.
SJÁVAR-ÚTVEGUR	Áhersla á magn og lítil fullvinnsla.	Fullvinnsla sjávarafurða eykst með fjölgun tenginga. Flugfiskur eflist.	Áhersla á að vinna afurðir með magnflutningi í huga. Dregur úr flugfiski.	Fullvinnsla sjávarafurða og vöruþróun.
SAMGÖNGUR TIL OG FRÁ SUÐURNESJUM	Óbreyttar frá 2018.	Hraðflutningar á vörum. Flugvöllur og Helguvíkurhöfn vinna saman.	Lítill uppbygging og staðan svipuð og 2018.	Fluglest orðin að veruleika.
AÐKOMA STJÓRNVALDA	Stefnuleysi og auknar álögur á flug. Vilji til ívilnana í öðrum greinum en flugi.	Áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu innviða á og við flugvöllinn.	Stuðningur við háskólasamfélagið. Hvatar til nýsköpunar.	Stjórnvöld opna fyrir erlenda fjárfestingu í uppbyggingu flugvallarins.

Næstu skref og nýting sviðsmynda

Ákvarðanir sem teknar eru í dag geta haft áhrif um langa framtíð. Framsýnir menn tóku þá ákvörðun fyrir fáeinum áratugum að byggja upp úr eyðimörkinni stórborg sem í dag heitir Dubai. Verða Suðurnesin Dubai norðursins einn daginn?

Það má segja að sú þróun sé að einhverju leiti hafin. Ísland og Suðurnesin sérstaklega eru í þeirri öfundsverðu stöðu að vera framúrskarandi vel tengd við mikilvægustu markaði heimsins. Áætlað er að sumarið 2018 muni verða flogið beint til 91 borgar í Evrópu, N-Ameríku og Asíu (Tel Aviv). Frá Keflavíkurflugvelli eru fleiri beinar tengingar til N-Ameríku en frá öllum hinum höfuðborgum Norðurlandanna til samans. Það hefur m.a. orðið til þess að útflutningsfyrirtæki munu í auknum mæli færast nær flugvöllinum til þess að koma vörum sínum á markað erlendis.

Allir geta nýtt sér sviðsmyndirnar til að máta stefnur eða viðskiptamódel sín við ólíkar sviðsmyndir. Þannig taka allar stórar ákvarðanir mið af ólíkum framtíðum.

Allar stórar ákvarðanir um uppbyggingu á Suðurnesjum og í raun á suðvesturhorni landsins þurfa að vera mátaðar við ólíkar sviðsmyndir. Jafnframt geta bæði stjórnvöld, sveitarfélög og aðrir hag- og hagsmunaaðilar stundað reglubundna rýni (umhverfisvöktun) til að greina í tíma í hvaða átt og í hvaða sviðsmyndir starfsumhverfið er að færast.

Gæði sviðsmyndanna sem hér er fjallað um felast ekki í því hversu vel þær rætast, heldur hvort þær hvetji lesendur s.s. forsvarsmenn fyrirtækja, sveitarfélaga og stjórnvalda til athafna og aðgerða.

Sviðsmyndirnar eru nauðsynlegt og sjálfsagt innlegg við stefnumótun, áhættudreifingar og ákvarðanatöku þessara aðila.

**Skýrslan er unnin af ráðgjafarsviði KPMG.
Tengiliðir vegna skýrslunnar eru:**

Sævar Kristinsson

Verkefnastjóri
skristinsson@kpmg.is

Stefán Þór Helgason

Sérfræðingur
shelgason@kpmg.is

Benedikt K. Magnússon

Partner / Sviðsstjóri
bmagnusson@kpmg.is

Reykjavík
Borgartúni 27

Akranes
Kirkjubraut 28

Akureyri
Glerárgötu 24

Blönduós
Húnabraut 4

Borgarnes
Bjarnarbraut 8

Dalvík
Ráðhúsi

Egilsstaðir
Fagradalsbraut 11

Hafnarfjörður
Reykjavíkurvegi 66

Hella
Brúðvangi 18

Höfn í Hornafirði
Litlabrú 1

Reyðarfjörður
Austurvegi 20

Reykjanesbær
Krossmóa 4

Sauðárkrókur
Borgarmýri 1a

Selfoss
Austurvegi 4

Skagaströnd
Oddagötu 22

Stykkishólmur
Aðalgata 5

Vestmannaeyjar
Kirkjuvegi 23

Sími 545 6000

kpmg.is   

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Nafn og kennimark KPMG eru vörumerki KPMG International Cooperative. Allur réttur áskilinn.

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um mögulega framtíð atvinnulífs á Suðurnesjum. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Isavia, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar - Kadeco og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum verkkaupa eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.